

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja,
nr. 1243/2019.

1. gr.

2.-4. málsl. 4. mgr. 8. gr. falla brott.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 9. gr. koma nýjar málsgreinar 2.-5. mgr. svohljóðandi:

Í umboði skv. 1. mgr. skal tilgreina útgáfudag þess og gildistíma. Gildistími umboðs má ekki vera lengri en tvö ár frá útgáfudegi þess.

Umboðið skal undirritað fyrir hönd umsækjanda af þeim einstaklingi eða einstaklingum sem hafa heimild til að skuldbinda umsækjanda. Skal undirritun vera með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, eða sambærilegri erlendra rafrænni undirskrift sem ríkisskattstjóri metur gilda. Slík undirritun þarfnast ekki vottunar.

Sé umboð undirritað með hefðbundinni undirskrift eða ef ríkisskattstjóri metur rafræna undirskrift skv. 2. mgr. ekki gilda, skal undirskrift hvers undirritanda vottuð af tveimur lögráða vitundarvottum. Skulu vitundarvottar tilgreina nafn sitt, heimilisfang, opinbert persónuauðkenni, svo sem kennitölu eða númer vegabréfs, með prentstöfum við undirskrift sína.

Með umboði skulu fylgja gögn sem sýna fram á heimild undirritanda til að skuldbinda umsækjanda, svo sem vottorð úr opinberri fyrirtækjaskrá í því ríki sem umsækjandi er skráður eða önnur gögn sem með sambærilegum hætti sýna fram á heimildina. Með umboði skulu jafnframt fylgja afrit af gildum persónuskilríkjum undirritanda sjálfs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 3. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 49. gr. sömu laga, öðlast gildi 1. september 2026.

Breytingar samkvæmt reglugerð þessari taka til umsókna sem berast ríkisskattstjóra frá og með þeim degi. Þó skulu umboð, sem gefin hafa verið út og tekið gildi fyrir 1. september 2026 á grundvelli eldri reglna, halda gildi sínu út upphaflegan gildistíma sinn, þó að hámarki í fimm ár frá útgáfudegi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, [...] 2026.

F. h. r.
[...].

[xxx].